HÉRAÐSDÓMUR
VESTURLANDS

Ú R S K U R Ð U R

6. apríl 2010

Mál nr. **S-274/2009:**

Ákærandi: **Sýslumaðurinn í Stykkishólmi**
(Daði Jóhannesson fulltrúi)

Ákærði: **Jóhann Rúnar Kristinsson**
(Svanhvít Axelsdóttir hdl)

Dómari: **Benedikt Bogason héraðsdómari**

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Vesturlands 6. apríl í máli nr. S-274/2009:

Ákæruvaldið

(Daði Jóhannesson fulltrúi)

gegn

Jóhanni Rúnari Kristinssyni

(Svanhvít Axelsdóttir hdl)

Mál þetta höfðaði lögreglustjórinn á Snæfellsnesi með ákæru 15. desember 2009 á hendur ákærða, Jóhanni Rúnari Kristinssyni, kt. 111057-2069, Háarifi 7 í Snæfellsbæ. Málið var dómtekið 15. mars 2009.

Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða „fyrir brot á sjómannalögum með því að hafa sem skipstjóri á fiskibátnum Særifi SH-25/2657, látið úr höfn á Rifi í Snæfellsbæ, miðvikudaginn 23. september 2009, klukkan 00:25 og ekki komið til hafnar fyrr en klukkan 16:41, og útivist þannig verið 16 klukkustundir og 16 mínútur sem er 2 klukkustundum og 16 mínútum lengur en heimilt er, en ákærði gegndi einnig stöðu vélavarðar í þessum róðri.“ Er þetta talið varða við a. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 975/2004 um vinnu og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum, og 1. sbr. 2. mgr. 64. gr., sbr. 78. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af ákæru, en til vara að honum verði ekki gerð refsing. Í báðum tilvikum er þess krafist að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

I.

Ákærði á og rekur bátinn Særif SH 25 sem er línubeiningarbátur með 18.000 króka línu. Hinn 23. september 2009, skömmu eftir miðnætti, hélt ákærði til veiða, en auk hans voru í áhöfn bátsins Gunnar Helgi Baldursson, vélstjóri, og hásetarnir

Emanúel Magnússon og Tómasz Powichorwski. Að lokinni veiðiferðinni var komið til hafnar síðdegis sama dag.

Í umræddri veiðiferð hafði Landhelgisgæslan afskipti af bátnum og fóru tveir áhafnarmeðlimir af varðskipinu Týr um borð í bátinn til eftirlits. Samkvæmt skýrslu Landhelgisgæslunnar hófst skoðunin kl. 13.15 og lauk kl. 14.51. Í kjölfarið ritaði skipherra varðskipsins kæru 12. október 2009 til lögreglustjóra, en þar kemur fram að staðfest hafi verið með upplýsingum úr fjareftirlitskerfi stjórnstöðvar að báturinn hafi látið úr höfn á Rifi kl. 00.25 og komið aftur til sömu hafnar kl. 16.41. Samkvæmt þessu hafi hámarksvinnutími skipverja verið lengri en 14 klukkustundir á hverjum sólahring.

II.

Í 1. mgr. 64. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 segir að sérhver skipverji skuli eiga rétt á nægilegri hvíld og skuli hámarksfjöldi vinnustunda á viku takmarkaður við 48 klukkustundir að meðaltaldi reiknað yfir viðmiðunartímabil sem ekki er lengra en 12 mánuðir. Samkvæmt 2. mgr. skal miða mörk vinnu- eða hvíldartíma við annað hvort hámarksvinnutíma eða lágmarkshvíldartíma. Um hjámarksvinnutíma segir meðal annars í 1. tölul. að hann megi ekki vera lengri en 14 klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili. Efnislega samhljóða ákvæði er að finna í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um vinnu- og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum, nr. 975/2004. Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri á móti skyldum þeim sem honum eru lagðar á herðar í sjómannalögum varðar það sektum, sbr. 78. gr. laganna.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, skal greina í ákæru, svo glöggt sem verða má, hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta. Til að fullnægja þessum áskilnaði verður verknaðarlýsing í ákæru að vera það greinargóð og skýr að ákærði geti ráðið af henni hvaða refsiverða háttsemi honum er gefin að sök. Að öðrum kosti er vandkvæðum bundið fyrir ákærða að taka afstöðu til sakargifta og halda uppi vörnum. Verður ákærða að vera kleift að ráða þetta af ákærunni sjálfri og skiptir engu þótt hann fari nærri um sakargiftir vegna rannsóknarinnar. Jafnframt verður ákæran að leggja viðhlítandi grundvöll að máli svo dómur verði á það lagður, enda verður ákærði ekki dæmdur fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008.

Í ákæru málsins er aðeins tilgreint hvenær látið var úr höfn á bátnum Særifi SH-25 og hvenær komið aftur þannig að róðurinn hafi varað lengur en heimilt er. Auk þess er tekið fram að ákærði hafi verið skipstjóri og vélavörður í róðrinum. Þetta eitt og sér getur ekki varðað við fyrrgreind ákvæði sjómannalaga og reglugerðar um vinnu og hvíldartíma skipverja á íslenskum fiskiskipum, sem ákærða er gefið að sök að hafa gerst brotlegur við. Þannig skortir með öllu á að því sé lýst hvernig báturinn var mannaður og vinnufyrirkomulagi um borð en af því leiðir hvort einhver skipverji hafi ekki fengið tilskylda hvíld lögum samkvæmt. Samkvæmt þessu eru slíkir annmarkar á ákærunni að óhjákvæmilegt er að vísa málinu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum verður sakarkostnaður felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun, sem þykja hæfilega ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í úrskurðarorði.

Benedikt Bogason, héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður er felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Svanhvítar Axelsdóttur, héraðsdómslögmanns, 188.250 krónur.

Benedikt Bogason

Úrskurðarorðið er lesið í réttinum að fulltrúa ákæruvalds, ákærða og verjanda hans fjarstöddum.

Dómþingi slitið.

Benedikt Bogason